



Skólaráð Garðaskóla 20. október 2011, kl. 15.30-16.30, Garðalundi

Fundarstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir (BS)

Fundarritari: Ingibjörg Anna Arnarsdóttir (IAA)

Mættir: Gunnar Richardson fulltrú grenndarsamfélagsins (GR), Sigurrós Gunnarsdóttir fulltrúi kennara (SG), Unnur Andrea fulltrúi nemenda (UA), Ágústa B. fulltrúi foreldra (ÁB), María Hrafnisdóttir (varamaður fyrir Guðrínu Björgu) (MH), Brynhildur S. (BS) og Ingibjörg Anna (IAA) skólastjórnendur.

Fjarverandi: Össur fulltrúi foreldra, Hjalti fulltrúi nemenda.

Efni fundarins:

dagskrá:

- skóladagatal 2011-2012
- próf og kennsla í desember 2011
- starfsáætlun Garðaskóla
- þátttaka foreldra í skólastarfinu – huga sérstaklega að 9. bekk
- ferða- og fjölbrautakerfi Garðaskóla
- önnur mál

○ Skóladagatal borið undir fundinn. Gulir dagar útskýrðir sem skertir dagar og þau nýmæli að færa einn slíkan frá vorönn á haustönn. Hugmyndin er að hafa stóra veglega jóladagskrá 19. desember þ.e. nemendur mæta í skólann, fara í umsjón, fá einkunnir og fara svo heim. Koma síðan aftur síðdegis í skólann þar sem sameiginleg dagskrá með nemendum og starfsfólki skólans og jafnvel félagsmiðstöðinni fari fram. Nemendur og kennarar vinna þannig af sér 20. desember. Fundarmenn hrifnir af hugmyndinni, samþykktu ráðstöfun á tilfærslu á skertum degi og ræddu útfærslu skemmtunarinnar. Fulltrúi foreldra mun viðra hugmyndina í foreldrafélaginu og starfsfólk Garðaskóla og Garðalundar munu sjá um nánari útfærslu.

○ Próftafla haustannar lögð fyrir fundinn. Prófdagar eru 4 í stað 6 í fyrra. Kennt verður einnig á prófadögum. SG benti á það sjónarmið að vorprófin séu of seint. Annað sjónarmið kom fram að það eru ákveðin vandamál að halda uppi skipulagðri starfsemi eftir prófin.

○ BS sagði frá því að grunnskólar eigi að setja saman svokallaða starfsáætlun sem er að verða tilbúin fyrir Garðaskóla og mun verða á heimasíðu skólans. Skólaráðið verður látið vita þegar hún er tilbúin. Brynhildur minntist á að hún væri vongóð um framkvæmdir í húsinu á næstunni. Til stendur að afhenda minnisblað til eignasviðs vegna áætlaðra framkvæmda á húsnaði og einnig vegna ferðakerfisins sem er í hættu hvað varðar tilvist vegna nemendafækkunar. Verið er að kalla eftir því til bæjaryfirvalda að setja aukið fjármagn til kennslu í skólanum svo hægt sé að viðhalda ferðakerfi skólans.

○ Umræður vegna þátttöku foreldra í skólastarfinu fóru fram með áherslu á hvernig hægt væri að auka ferðalög nemenda. ÁB fulltrúi foreldra ætlar að kanna hvort hægt sé að standa fyrir fjáröflun svo hægt sé að skipuleggja ferðalög þar sem skólinn hefur ekki fjármagn til slíks og ekki er leyfilegt að rukka nemendur vegna ferða á vegum skólans. BS sagði frá því að Helga María Ólafsdóttir hefur tekið að sér í vetur að vera talsmaður starfsmanna í þessu samhengi. ÁB nefndi að í foreldrasamfélaginu sé vilji til framkvæmda og telur að nauðsynlegt sé að koma á föstum hefðum þannig að foreldrar viti að hverju þeir ganga og að þeirra hlutverk í þessu samhengi sé skýrt. Þarf að vera skýrt frá upphafi skólaárs hverju foreldrafélagið ætli að standa fyrir á árinu. Í þessu samhengi var sérstaklega rætt um hve 9. bekkja árgangurinn verði útundan og nauðsyn þess að einhver viðburður sé á dagskrá á skólaárinu fyrir árganginn með aðkomu foreldra. Ákveðin hefð er komin fyrir því að 8. bekkingar hafa bekkjarkvöld og 10. bekkingar fara í vorferðalag og hittast ásamt foreldrum í skólanum á skemmti- og færðslukynningu vegna námstilboðs framhaldsskólanna. Hugmynd ÁB um kynningarkvöld af svipuðum toga fyrir nemendur 9. bekkja, þar sem námið og ferðakerfið yrði kynnt féll í góðan jarðveg á fundinum. Einnig var minnst á að meiri tengls vanti milli starfsmanna og foreldra. Samþykkt var að ýta þessum málum áfram í foreldrafélaginu.

○ Brynhildur sagði frá samningi Garðaskóla við FG um að nemendur í Garðaskóla fái nám úr framhaldsskólaáföngum metið þar ef viðunandi árangur náist. Menn eru sammála um ágæti samningsins en sumir framhaldsskólar samþykkja ekki námið vegna þess að nemendur taka ekki prófin sjálf í FG. Nú er það orðið jafnræðismál að nemendur í Garðaskóla fái próf sín metin eins og nemendur annarra grunnskóla í Garðabæ sem eru í fjarnámi í FG. Nú er búið að semja við FG um að þeir nemendur sem kjósa geti tekið próf í FG til viðbótar þeim prófum sem þeir taka í Garðaskóla. Þá munu þeir fá þann stimpil sem þarf til að fá námið metið í öðrum framhaldsskólum. Reyndar er þetta ekki framkvæmanlegt í öllum fögum. Stjórnendur munu halda áfram að kynna og vinna þetta mál á næstu vikum.

Fundi slitið kl. 16.45